

Sumar 2012

Komið sæl

Að undanförunu hefur veðrið leikið við okkur sem er ekki leiðinlegt. Við höfum getað verið úti nær allan daginn og hugað að lóðinni okkar sem er að koma vel undan vetri. Stúlkur fæddar 2008 eru nú að ljúka aðlögun í Kátakot og óskum við þeim allst hins besta í framtíðinni. Drengirnir flytji sig svo að sumarleyfi loknu. Aðlögun nýrra barna hefst á morgun 6. júní svo 11 júní og svo í ágúst.



Starfsfólk skólans fór til London í maí. Námsferðin var einstaklega skemmtileg, sáum skóla með ólíkar áherslur, sögusetur og leikfangasafn. Einnig átti starfsfólkið góðar stundir saman sem er mikilvægt til að byggja upp góðan starfsanda. Við erum að vinna að skýrslu sem foreldrar munu hafa aðgang að á heimasíðu skólans.

Sveitaferðin var frábær og fengum við góðar móttökur hjá ábúendum á Sökku. Við þökkum þeim innilega fyrir. Grænfáninn var dreginn að húni að lokinni sveitaferð og horfum við nú með stolti á blaktandi fánann úti á flottu lóðinni okkar. Elstu börnin voru útskrifuð og foreldrafélagið grillaði pylsur og færum við þeim bestu þakkir. Útskriftarferð árgangs 2008 heppnaðist einstaklega vel enda lék veðrið við okkur og börnin áttu skemmtilega stund með kennurum sínum í leik og svo voru grillaðar pylsur úti í náttúrunni.

Katrín Salka og Jakub eru nú hætt í Krílakoti og óskum við þeim alls hins besta á nýjum slóðum. Hildur Birna og Pura hafa sagt upp störfum og hverfa til nýrra starfa að loknu sumarleyfi.

Þökkum frábært skólaár og hafið það gott í sumar.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Fiskidagurinn

Leikskólabörn syngja í vináttukeðjunni föstudaginn 10. ágúst 2012.

Allir velkomnir.



Leiksýning

Komið sæl

Skoppa og Skritla ætla að heimsækja okkur föstudaginn 8. júní í boði foreldrafélagsins kl 13:30.


Þau börn sem eru með styttri vistun eru velkomin á sýninguna, foreldrar koma bara með börnin og sækja þau að sýningu lokinni.

Við ætlum að bjóða stúlkunum okkar sem nú eru farnar í Kátakot (fæddum 2008) á sýninguna. Kennarar Kátakots fylgja þeim í Kríló og kennarar Krílakots fylgja þeim til baka í Kátakot að lokinni sýningu.

Grænfáninn

Til hamingju með Grænfánann

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2011-2012
Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Guðrún Anna Óskarsdóttir
Dagur Óskarsson
Nimnual Khakhlung

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sumarlokun Krílakots

Leikskólinn er lokaður frá 16. júlí og opnar aftur þann 16. ágúst
Gleðilegt sumar

Vinna við lóðina í Krílakoti

Skipulagðar eru tvær helgar í júlí þar sem foreldrar, starfsfólk og George vinna saman að uppbyggingu lóðarinnar við Krílakot. Þetta er í samstarfi við foreldrafélag/foreldra í Krílakoti og var ákveðið á foreldrafundi.

Vinnuhelgarnar verða á þessa leið:

Föstudaginn 29. júní frá 16:00-20:00

Laguardaginn 30. júní frá 10:00-15:00

Þessa helgi ætlum við að rífa kofann og hefja uppbyggingu að nýju. Einnig fjarlægja eitt rólustæði og ganga frá sári eftir mottur. Verði góð þátttaka verður byrjað á kastala og/eða vita.

Föstudaginn 13. júlí frá 16:00-20:00

Laugardaginn 14. júlí frá 10:00-15:00

Þessa helgi höldum við áfram uppbyggingu á svæðinu, klárum byggingar.

Nánari dagskrá kemur síðar.

Við stefnum á að eiga skemmtilegar stundir við uppbyggingu lóðarinnar og verður gaman að sjá afraksturinn.



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir
Ívar Örn Vignisson
Óliver Hilmarsson
Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
Tryggvi Kristjánsson

Stöndum saman að velferð bana okkar

Hæ hæ

Viltu starfa með stjórn
foreldrafélags Krílakots.

Hafðu þá samband við
Ernu Þórey, formann
foreldrafélagsins, eða við
leikskólastjóra.

Athugið

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara.

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í
öryggisbúnaði

